

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 55/2002,
um útflutning hrossa.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa að uppfylltum skilyrðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim. Þó má ekki flytja úr landi yngri hross en fjögurra mánaða eða fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Á eftir orðunum „hæft til útflutnings með tilliti til“ í 1. málsl. 2. gr. laganna kemur: aldurs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

**um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu,
nr. 62 19. maí 1994, með síðari breytingum
(14. samningsviðauki).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsins, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11 frá 11. maí 1994 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsins varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins, ásamt viðauka, og með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 14 frá 13. maí 2004 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsins um breytingu á eftirlitskerfi samningsins.